

Ungumbl.

Sunnudaginn 17. des. 1939.

Aldaskifta- bækur

I.

Jeg hefi í Mbl. 2. nív. s.l. sagt frá eftirtektaryrðri bók, eftir þýska sagnfræðinginn dr. Albrecht Wirth, sem heitir Weltenwende (Aldahvörf eða Aldaskifti). Í blaðinu New York Herald Tribune, 6. ág. s.l., eru tvær greinar um bók dr. Vilhjálms Stefánssonar: Iceland, the first American Republic: Ísland, fyrsta ameríska lýðveldið. Býst jeg við, að telja megð þetta rit Vilhjálms til aldaskiftabókanna að því er snertir hugmyndir enskumælandi Ameríku manna um Ísland; en hitt er mjer ókunnugt um ennþá, hvort þar eru látnar í ljós nokkrar slíkar hugmyndir um möguleika íslenskrar framtíðar, sem gera bækur Adams Rutherfords svo ákaflega merki- legar, og svo vel styðja það sem áður hafði á íslenskum í þá átt verið ritað.

II.

Í þessu sama blaði er grein um aldaskiftabók eftir annálaðan lærdómsmann, dr. Harry Elmo Barnes. Bókin gæti á íslensku heitið Aldaskiftavandamál (Society in Transition; Problems of a Changing Age) og er þýsna mikið

rit, 1017 bls. Dr. Barnes er þeirrar skoðunar, að nú standi yfir hættulegasti kafli einnar mestu umskiftaaldar í sögu mannkynsins, og að glötunin sje vís, ef ekki geti orðið stefnubreyting. Virðist mjer þetta sjerstaklega eftirtektarvert, þar sem um 'er að ræða stórmikinn lærdómsmann, sem hina mestu stund virðist leggja á að rökstyðja skoðanir sínar. Dr. Barnes hyggur, einsog Adam Rutherford, að úrslitanna sje skamt að bíða, því að þegar á næsta áratug muní úr því skorið verða, hvort framtíð mannkynsins verður bjargað eða ekki. Það mun mega telja víst, að hinn lærði höfundur muni ekki á Ísland minnst í hinu mikla riti sínu, a. m. k. ekki til að láta í ljós þá skoðun, að hin litla íslenska þjóð muni nokkra sjerstaka þýðingu hafa fyrir þessi stærstu tíðindi mankynssögunnar sem hann telur fyrir höndum vera. En þýsna eftirtektarvert er það, hversu álit á íslensku þjóðinni hefir á þessum síðustu tímum aukist í Bandaríkjunum, einsog marka má af ummælum þeim sem blöðin hafa haft eftir einum forustumanninum vestur þar, borgarstjóranum í New York; og eins af því, að sami maður skuli hafa talið Íslending þess maklegan að gera hann að heiðursborgara þeirrar miklu höfuðborgar. Er atburður sá vel fallinn til að gera mönnum auðveldara að hugsa sjer, að ýmislegt ótrúlegt, sem um framtíð íslensku þjóðarinnar hefir verið sagt, muni þó eiga fyrir sjer að rætast.

26. nóvember.